

**Ed.**

**2. Frumvarp til laga**

[2. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1965 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

**2. gr.**

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1965 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár. Ákvæði um þetta er nú að finna í 1. og 2. gr. laga nr. 73 1963, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Rétt er að geta þess, að ákvæði 3. gr. framangreindra laga, sem fjölluðu um álag á bifreiðaskatt og álag á innflutningsgjald af hjólbörðum, voru felld niður með vegalögum nr. 71/1964.